

## GJALDSKRÁ

### fyrir afgreiðslu og þjónustu vegna skipulags- og byggingarmála í Mýrdalshreppi.

#### 1. gr.

*Gjöld skv. skv. 51. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010.*

Greiða skal byggingarleyfisgjald fyrir hverja byggingu sem fengið hefur útgefið byggingarleyfi. Þó skal ekki innheimta byggingarleyfisgjald fyrir byggingar sem eru 7 m<sup>2</sup> eða minni nema um viðbyggingar sé að ræða. Vegna byggingarleyfa skal greiða eftirfarandi gjöld:

#### 1.1 Íbúðarhúsnæði.

Gjöld miðast við eina yfirferð aðaluppdráttu. Innifalið í gjaldinu er byggingarleyfisgjald, gjald vegna útmælingar og hæðarsetningar, byggingareftirlits, lögbundinna úttekta, fokheldisvottorðs, öryggisúttektar og lokaúttektar.

<i>Gjaldflokkur</i>	<i>kr.</i>
1. Einbýlishús	132.000
2. Parhús, tvíbýlishús, raðhús og keðjuhús	101.000 pr. íbúð
3. Fjölbýlishús	76.000 pr. íbúð

Einnig eru gjöld vegna aðkeyprar yfirferðar séruppdráttu sem eru innheimt sérstaklega samkvæmt reikningi hverju sinni, þó að hámarki 175.000

#### 1.2 Atvinnu- og þjónustuhús og stofnanir.

Gjöld miðast við eina yfirferð aðaluppdráttu. Innifalið í gjaldinu er byggingarleyfisgjald, gjald vegna útmælingar og hæðarsetningar, byggingareftirlits, lögbundinna úttekta, fokheldisvottorðs, öryggisúttektar og lokaúttektar.

<i>Gjaldflokkur</i>	<i>kr.</i>
1. Gólfplötur allt að 500 fermetrar	115.000
2. Gólfplötur 500 – 2.000 fermetrar	242.000
3. Gólfplötur stærri en 2.000 fermetrar	441.000

Einnig eru gjöld vegna aðkeyprar yfirferðar séruppdráttu sem eru innheimt sérstaklega samkvæmt reikningi hverju sinni, þó að hámarki 175.000

#### 1.3 Ýmis hús og hverskonar viðbyggingar.

Gjöld miðast við eina yfirferð aðaluppdráttu. Innifalið í gjaldinu er byggingarleyfisgjald, gjald vegna útmælingar og hæðarsetningar, byggingareftirlits, lögbundinna úttekta, fokheldisvottorðs og vottorðs vegna lokaúttektar.

Einnig eru gjöld vegna yfirferðar séruppdráttu.

<i>Gjaldflokkur</i>	<i>kr.</i>
1. Frístundahús	132.000
2. Smáhýsi allt að 10 m <sup>2</sup>	12.000
3. Smáhýsi 10 – 25 m <sup>2</sup> , sólstofur, garðhús, bílgeymslur fyrir mest 2 bíla og viðbyggingar allt að 25 fermetrar	55.000
4. Viðbyggingar 25 – 100 fermetrar	74.000
5. Vélageymslur, hlöður, gripahús og gróðurhús allt að 150 m <sup>2</sup>	85.000

Einnig eru innheimt gjöld vegna aðkeyprar yfirferðar séruppdráttu sem eru innheimt sérstaklega samkvæmt reikningi hverju sinni, þó að hámarki 175.000

Byggingarleyfisgjöld af viðbyggingum sem eru stærri en 100 fermetrar skulu vera þau sömu og byggingarleyfisgjöld af því húsnæði sem byggt er við. Byggingarleyfisgjöld af vélageymslum, hlöðum, gripahúsum og gróðurhúsum sem eru stærri en 150 m<sup>2</sup> eru þau sömu og um væri að ræða atvinnu- eða þjónustuhús og stofnanir.

1.4 *Gjöld vegna stöðuleyfa.**Gjaldflokkur**kr. einingu*

Stöðuleyfi 20 feta gáma á gámasvæði sveitarfélagsins veitt til allt að eins árs	15.000
Stöðuleyfi 40 feta gáma á gámasvæði sveitarfélagsins veitt til allt að eins árs	20.000
Stöðuleyfi gáma, báta, hjólhýsa, smáhúsa o.fl. annarsstaðar veitt til allt að eins árs	35.000
Stöðuleyfi söluvagna, söluskúra, gistiskála/gáma, veitingaskála/gáma veitt til allt að eins árs	40.000

Öll gjöld skv. 1. gr. falla í gjalddaga við samþykkt byggingaráforma eða veitingu stöðuleyfa og skulu greidd áður en byggingarleyfi er gefið út eða stöðuleyfi veitt. Af íveru- og þjónustuhúsnæði er að auki innheimt sorphreinsunar- og/eða sorpförgunargjald af starfseminni.

## 2. gr.

*Gjöld skv. 20. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*2.1 *Kostnaður vegna aðalskipulagsbreytinga.**kr.*

Afgreiðslugjald	12.000
Breyting á aðalskipulagsupprætti, sbr. 1. mgr. 36. gr.	aðkeypt vinna samkv. reikningi
Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 1. mgr. 36. gr.	131.000
Breyting á aðalskipulagsupprætti, sbr. 2. mgr. 36. gr. vegna óverulegrar breytingar	85.000
Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 2. mgr. 36. gr.	52.000

2.2 *Kostnaður vegna deiliskipulags.*

Afgreiðslugjald	12.000
Nýtt deiliskipulag, sbr. 2. mgr. 38. gr.	aðkeypt vinna samkv. reikningi
Breyting á deiliskipulagsupprætti, sbr. 1. mgr. 43. gr.	aðkeypt vinna samkv. reikningi
Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 2. mgr. 38. gr. og 1. mgr. 43. gr.	120.000
Breyting á deiliskipulagsupprætti, sbr. 2. mgr. 43. gr. vegna óverulegrar breytingar	70.000
Umsýslu- og auglýsingakostnaður vegna óverulegrar breytingar, sbr. 2. mgr. 43. gr.	52.000
Umsýslu- og auglýsingakostnaður vegna óverulegrar breytingar, sbr. 3. mgr. 44. gr.	20.000

2.3 *Kostnaður vegna grenndarkynningar.*

Grenndarkynning, sbr. 1. mgr. 44. gr., deiliskipulag ekki fyrir hendi	26.000
---	--------

2.4 *Kostnaður vegna framkvæmdaleyfis.*

Framkvæmdaleyfi - framkvæmdir skv. 1. og 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000	100.000
Framkvæmdaleyfi - aðrar framkvæmdir	70.000

Landeigandi eða framkvæmdaaðili getur óskað eftir því við sveitarstjórn að gerð sé tillaga að deiliskipulagi eða breytingu á deiliskipulagi á sinn kostnað. Sveitarstjórn getur fallið frá gjaldtöku ef skipulagsvinna á vegum sveitarfélagsins er yfirstandandi eða fyrirhuguð á umræddu svæði.

Gjöld skv. 2. gr. falla í gjalddaga við samþykkt framkvæmdaleyfis eða umsókn um skipulag eða skipulagsbreytingu og skulu greidd áður en framkvæmdaleyfi er gefið út eða þegar skipulag eða skipulagsbreyting er samþykkt til auglýsingar.

## 3. gr.

*Afgreiðslu- og þjónustugjöld.*

Fyrir neðangreinda þjónustu/afgreiðslu ber að greiða eftirtalin gjöld:

	<i>kr.</i>
Staðfestingargjald vegna lóðarúthlutunar	75.000
Hver endurskoðun aðaluppdráttá	12.000
Endurnýjun leyfis án breytinga á teikningum	8.000
Aukavottorð um byggingarstig og stöðuúttekt	15.000
Úttekt og umsógn vegna vín- og veitingaleyfa	25.000
Úttekt, leyfi og umsagnir vegna gistileyfa	25.000
Úttekt vegna leiguhúsnæðis	25.000
Ástandsskoðun húss	12.000
Eignaskiptayfirlýsingar, hver umfjöllun pr. eignarhluta 2 - 10	8.000
Eignaskiptayfirlýsingar, hver umfjöllun pr. eignarhluta 10 og fleiri	5.000
Lóðarsamningur nýrrar lóðar	40.000
Lóðarsamningur vegna eldri lóðar eða breytingar á samningi	25.000
Gjald fyrir útkall	8.000

## 4. gr.

*Breytingar á fjárhæð gjalda.*

Gjöld skv. gjaldskrá þessari miðast við byggingarvísitölu í janúar 2012 (112,3 stig) og taka breytingum í samræmi við breytingu á byggingarvísitölu 1. janúar hvers árs.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 51. gr. laga nr. 160/2010 og 20. gr. laga nr. 123/2010 og öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 677/2005.

Samþykkt í sveitarstjórn Mýrdalshrepps þriðjudaginn 19. júní 2012.

*Vík í Mýrdal, 22. júní 2012.*

**Ásgeir Magnússon** sveitarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 9. júlí 2012